

Skrifstofa sveitarfélaga,
stafrænna innviða og byggðamála
Sölvhólsstötu 7
101 Reykjavík

Húnaþing vestra, 8. október 2025

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) leggst gegn því að landshlutasamtökum verði fært stjórnsýslulegt hlutverk eða falið að taka stjórnvaldsákvæðanir um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila. Farsællegast þykir að landshlutasamtök haldi sínu núverandi hlutverki sem svæðisbundin hagsmunasamtök sveitarfélaga, sem stuðla að samráði, stefnumótun og sameiginlegri hagsmunagæslu án beinna valdheimilda gagnvart borgurum. Stjórn telur jafnframt varhugavert að setja landshlutasamtök í þá aðstöðu að veita umsagnir um sameiningu sveitarfélaga, þar sem slík hlutverk geta grafið undan hlutleysi, trausti og þjónustu- og samráðshlutverki samtakanna gagnvart öllum aðildarsveitarfélögum. Stjórn hvetur löggjafann til að tryggja að landshlutasamtök verði áfram vettvangur samráðs og hagsmunagæslu án stjórnsýsluvalds og að allar breytingar á lagaumhverfi endurspegli þessi sjónarmið.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra


Sveinbjörg/Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri